

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2329****2018/EES/67/02****frá 14. desember 2017****um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins
(EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 2. og 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ⁽²⁾ er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007.
- 2) Samkvæmt upplýsingum sem Costa Rica lagði fram hafa heiti eftirlitsaðilanna „Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH“, „Control Union Certifications“ og „Primus lab“ breyst í „Kiwa BCS Costa Rica Limitada“, „Control Union Perú“ og „PrimusLabs.com CR S.A.“, í þeirri röð. Costa Rica upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um það að „Servicio Fitosanitario del Estado, Ministerio de Agricultura y Ganadería“ væri ekki lengur eftirlitsaðili og að það væri ekki landbúnaðarráðuneytið sem gæti út vottorð heldur aðrir eftirlitsaðilar.
- 3) Japan upplýsti framkvæmdastjórnina um það að lögbært yfirvald þess hefði bætt tveimur eftirlitsaðilum, þ.e.a.s. „Japan Food Research Laboratories“ og „Leafearth Company“ á skrána yfir eftirlitsaðila sem Japan viðurkennir og að heiti „Bureau Veritas Japan, Inc.“ og „Hyogo prefectural Organic Agriculture Society (HOAS)“ og veffang „Organic Certification Association“ hefðu breyst.
- 4) Samkvæmt upplýsingum frá Nýja-Sjálandi hefur veffang lögbæra yfirvaldsins breyst.
- 5) Lýðveldið Kórea upplýsti framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald þess hefði bætt eftirlitsaðilanum „Industry-Academic Cooperation Foundation, SCNU“ á skrána yfir eftirlitsaðila sem lýðveldið Kórea viðurkennir.
- 6) Gildistími skráningar Lýðveldisins Kóreu í skránni í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 rennur út 31. janúar 2018. Að því gefnu að Lýðveldið Kórea haldi áfram að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 ætti að framlengja skráninguna ótímabundið.
- 7) Skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.
- 8) Að því er varðar eftirlitsaðilana, sem eru skráðir í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, rennur gildistími viðurkenningar, í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, út 30. júní 2018. Á grundvelli niðurstaðna samfellds eftirlits af hálfu framkvæmdastjórnarinnar ætti að framlengja viðurkenningu þessara eftirlitsaðila til 30. júní 2021.
- 9) „Albinspekt“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 189, 20.7.2004, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjttíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

- 10) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „BAŞAK Ekolojik Ürünler Kontrol ve Sertifikasyon Hizmetleri Tic. Ltd“ um að vera fært á skrána í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að viðurkenna „BAŞAK Ekolojik Ürünler Kontrol ve Sertifikasyon Hizmetleri Tic. Ltd“ fyrir vöruflokka A og D að því er varðar Tyrkland.
- 11) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „BIOCert Indonesia“ um að vera fært á skrána í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að viðurkenna „BIOCert Indonesia“ fyrir Indónesíu að því er varðar vöruflokka A og D.
- 12) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „bio.inspecta AG“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Afganistans, Kína og Nepals.
- 13) Færslan fyrir „Bolicert Ltd“ í skránni sem sett er fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 var tekin út tímabundið með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1473 ⁽¹⁾. Framkvæmdastjórnin hvatti „Bolicert Ltd“ að leggja fram gilt faggildingarvottorð frá IOAS (faggildingarstofu „Bolicert Ltd“), í því skyni að aflétta tímabundnu niðurfellingunni, og að grípa til viðeigandi og tímanlegra aðgerða til úrbóta í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 834/2007. IOAS upplýsti framkvæmdastjórnina um þá ákvörðun sína að aflétta tímabundnu niðurfellingunni því fullnægjandi upplýsingar hefðu borist um að „Bolicert Ltd“ hefði gripið til aðgerða til úrbóta. Á grundvelli þeirra upplýsinga komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að færa „Bolicert Ltd“ aftur inn í IV. viðauka með sömu skilyrðum og fyrir tímabundnu niðurfellinguna.
- 14) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „CCPB Srl“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, B, D, E og F til Albaníu, Alsír, Sameinuðu arabísku furstadæmanna og Suður-Afríku, að því er varðar vöruflokk A til Úganda, að því er varðar vöruflokka A og D til Afganistans, Armeníu, Eþíópíu, Gana, Nígeríu, Senegals og Úsbekistans, að því er varðar vöruflokka A, D og E til Belarúss (Hvíta-Rússlands), Kasakstans, Moldóvu, Rússlands, Serbíu, Taílands, Tadsíkistans og Túrkménistans, að því er varðar vöruflokka A, B, D og E til Aserbaísjans, Kirgíastans og Úkraínu, að því er varðar vöruflokka A, B og D til Katars og að því er varðar vöruflokk D til Túniss.
- 15) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Control Union Certifications“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, B, C, D, E og F til Brúnei, Cookseyja, Frönsku Pólýnesíu, Georgíu, Grenada, Gvæjana, Jórdaníu, Kúveits, Líbanons, Papúa Nýja-Gíneu, Saó Tóme og Prínsípe, Seychelles-eyja, Tadsíkistans, Túrkménistans og Venesúela, að því er varðar vöruflokka B, C, D (einungis vín) og E til Ástralíu, að því er varðar vöruflokka C og E til Nýja-Sjálands, að því er varðar vöruflokk B til Tonga og Túniss og að því er varðar vöruflokk F til Túvalús.
- 16) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecocert SA“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka D (vín) og E til Argentínu, að rýmka viðurkenningu hennar fyrir Japan, Kirgíastan og Zímbabwe til vöruflokks B, viðurkenningu fyrir Georgíu og Mósambík til vöruflokks E og viðurkenningu fyrir Paragvæ og Úrúgvæ til vöruflokks F.
- 17) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Florida Certified Organic Growers and Consumers, Inc. (FOG), DBA as Quality Certification Services (QCS)“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A and D til Bólivíu, Colombíu og Laoss, að því er varðar vöruflokka A, C, D og E til Chiles (Síles), að því er varðar vöruflokk D til Costa Rica og að því er varðar vöruflokka C og D (unnar lagareldisafurðir) til Bandaríkjana.
- 18) „IMOSwiss AG“ hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að það muni hætta vottunarstarfsemi sinni í öllum þriðju löndum, sem það er viðurkennt fyrir, frá og með 1. janúar 2018 og það ætti ekki að vera lengur á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 frá og með þeim degi.
- 19) „Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á veffangi sínu.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1473 frá 14. ágúst 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjttíð. ESB L 210, 15.8.2017, bls. 4).

- 20) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Letis S.A“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Afganistans, Eþíópíu, Írans, Kasakstans, Moldóvu, Pakistans, Rússlands, Tadsíkistans, Tyrklands og Úkraínu.
- 21) „Organic agriculture certification Thailand“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heiti sínu í „Organic Agriculture Certification Thailand (ACT)“ og um breytingu á heimilisfangi sínu.
- 22) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organic Control System“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Bosníu og Hersegóvínu.
- 23) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organic Standard“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að rýmka viðurkenningu hennar fyrir Kasakstan, Kirgistan, Moldóvu og Rússland til vöruflokks B og að rýmka gildissvið hennar svo það nái yfir vín.
- 24) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organska Kontrola“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, B og D til Kósovós (1).
- 25) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „ORSER“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að rýmka landfræðilegt gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A og D til Aserbaísjans, Bosníu og Hersegóvínu, Georgíu, Írans, Kasakstans, Kirgistans og Nepals.
- 26) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Servicio de Certificación CA AE S.L.U.“ um að vera fært á skrána í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að viðurkenna „Servicio de Certificación CA AE S.L.U.“ fyrir vöruflokka A og D að því er varðar Bólivíu, Ekvador, Mexíkó, Marokkó, Perú og Tyrkland.
- 27) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Tse-Xin Organic Certification Corporation“ um að vera fært á skrána í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að viðurkenna „Tse-Xin Organic Certification Corporation“ fyrir vöruflokka A og D að því er varðar Taívan.
- 28) Faggildingarstofan DAKS, faggildingarstofa á sviði lífræns landbúnaðar, upplýsti framkvæmdastjórnina um að hún hafi ákveðið að fella faggildingu „Egyptian Center of Organic Agriculture (EOA)“ tímabundið úr gildi. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 er framkvæmdastjórninni hvenær sem er heimilt að taka færslu eftirlitsaðila í skránni í IV. viðauka við þá reglugerð út tímabundið, annaðhvort í ljósi upplýsinga sem henni hafa borist eða ef eftirlitsaðillinn hefur ekki lagt fram upplýsingar sem krafist er. Framkvæmdastjórnin hvatti „Egyptian Center of Organic Agriculture (EOA)“ til að leggja fram gilt faggildingarvottorð og að grípa til viðeigandi og tímanlegra aðgerða til úrbóta, í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 834/2007, en fullnægjandi svar barst ekki innan tilskilins frests. Þar til fullnægjandi upplýsingar eru lagðar fram ætti því að taka út tímabundið færsluna fyrir „Egyptian Center of Organic Agriculture (EOA)“ í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.
- 29) „IMOcert Latinoamérica Ltda“ er á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/872 (*), sem viðurkenndur eftirlitsaðili fyrir vöruflokka A og B að því er varðar Argentínu og fyrir vöruflokk A að því er varðar Costa Rica. Þar eð Argentína og Costa Rica eru á skrá í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar vöruflokka A og B og að því er varðar vöruflokk A, eftir því sem við á, getur „IMOcert Latinoamérica Ltda“ ekki hafa hlotið viðurkenningu fyrir þessi lönd að því er varðar þessa vöruflokka í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 í samræmi við b-lið 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Því ætti að fella brott viðurkenninguna að því er varðar þessa vöruflokka fyrir þessi lönd. Framkvæmdastjórnin hvatti „IMOcert Latinoamérica Ltda“ til að votta ekki vörur sem falla undir þessa vöruflokka á grundvelli villandi tilvísana til þessara vöruflokka að því er varðar Argentínu og Costa Rica.

(1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/872 frá 22. maí 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 134, 23.5.2017, bls. 6).

(*) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisfyrirlysingu Kósovó.“

- 30) Í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1842 ⁽¹⁾, er að finna nýja fyrirmynd að skoðunarvottorði vegna innflutnings á lífrænum vörum samkvæmt rafræna vottunarkerfinu sem vísað er til í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008. Í þessum viðauka vísar athugasemdin sem svarar til reits 12 fyrir mistök í reit 24 í stað reits 21. Þessa villu ber að leiðrétta.
- 31) Því ætti að breyta og leiðrétta III., IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.
- 32) Brottfelling „IMOCert Latinoamérica Ltda“ ætti að gilda afturvirkir frá og með gildistökudegi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/872 og brottfelling „IMOSwiss AG“ ætti að gilda frá og með 1. janúar 2018.
- 33) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt og þau leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- 3) Ákvæði V. viðauka eru leiðrétt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 12. liðar í II. viðauka koma til framkvæmda frá og með 12. júní 2017.

Ákvæði 13. liðar í II. viðauka koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1842 frá 14. október 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar rafrænt skoðunarvottorð fyrir innfluttar lífrænar vörur og aðra tiltekna þætti og reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar kröfur um rotvarðar eða unnar lífrænar vörur og sendingu upplýsinga (Stjttíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 19).

I. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt sem hér segir:

1) Færslunni sem varðar **Costa Rica** er breytt sem hér segir:

- a) Í 5. lið falli línar varðandi kenninúmerið CR-BIO-001 brott og í stað línanna sem varða kenninúmerin CR-BIO-002, CR-BIO-004 og CR-BIO-006 komi eftirfarandi:

„CR-BIO-002	Kiwa BCS Costa Rica Limitada	www.kiwa.lat
CR-BIO-004	Control Union Perú	www.cuperu.com
CR-BIO-006	PrimusLabs.com CR S.A.	www.primusauditingops.com'

b) Í stað 6. liðar komi eftirfarandi:

„6. Aðilar sem gefa út vottorð: sjá 5. lið.“

2) Í færslunni sem varðar **Japan** er 5. lið breytt sem hér segir:

- a) Í stað línanna sem varða kenninúmerin JP-BIO-001, JP-BIO-007 og JP-BIO-018 komi eftirfarandi:

„JP-BIO-001	Hyogo prefectural Organic Agriculture Society, HOAS	www.hyoyuken.org
JP-BIO-007	Bureau Veritas Japan Co., Ltd	http://certification.bureauveritas.jp/cer-business/jas/nintei_list.html
JP-BIO-018	Organic Certification Association	http://yuukinin.org/index.html“

b) Eftirfarandi línur bætist við:

„JP-BIO-036	Japan Food Research Laboratories	http://www.jfrl.or.jp/jas.html
JP-BIO-037	Leafearth Company	http://www.leafearth.jp/“

3) Í stað 4. liðar í færslunni sem varðar **Nýja-Sjáland** komi eftirfarandi:

„4. Lögbært yfirvald: Ministry for Primary Industries (MPI)

http://www.mpi.govt.nz/exporting/food/organics“

4) Færslunni sem varðar **Lýðveldið Kóreu** er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi lína bætist við í 5. lið:

„KR-ORG-024	Industry-Academic Cooperation Foundation, SCNU	http://siacf.scnu.ac.kr/web/siacf/home“
-------------	--	---

b) Í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

„7. **Gildistími skráningar:** ótilgreindur.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 er breytt og hann leiðréttur sem hér segir:

1) Í 5. lið í öllum færslum í öllum viðaukanum komi dagsetningin „30. júní 2021“ í stað „30. júní 2018“.

2) Í stað 1. liðar í færslunni sem varðar „**Albinspekt**“ komi eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: „„Rr. Kavajes“, Nd.132, Hy.9, Kati 8, Ap.43 (Perballe pallatit me shigjeta), Tirana, Albania“

3) Á eftir færslunni sem varðar „**Balkan Biocert Skopje**“ komi eftirfarandi ný færsla:

„„**BAŞAK Ekolojik Ürünler Kontrol ve Sertifikasyon Hizmetleri Tic. Ltd**“

1. Heimilisfang: Atatürk Mahallesi 1014 Sokak No:9/5, 35920 Selçuk-ZMR, Turkey

2. Veffang: <http://basakekolojik.com.tr>

3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
TU-BIO-175	Tyrkland	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2021.“

4) Á eftir færslunni sem varðar „**Bioagricert S.r.l.**“ komi eftirfarandi ný færsla:

„„**BIOCert Indonesia**“

1. Heimilisfang: Jl. Perdana Raya Budi Agung Ruko A1 Cimanggu Residence, 16165 Bogor, Indonesia

2. Veffang: <http://www.biocert.co.id>

3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
ID-BIO-176	Indónesía	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.

5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2021.“

5) Í færslunni sem varðar „**Bio.inspecta AG**“ í 3. lið bætast eftirfarandi línur við í röð eftir kenninúmeri:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
„AF-BIO-161	Afganistan	x	—	—	x	—	—
CN-BIO-161	Kína	x	—	—	x	—	—
NP-BIO-161	Nepal	x	—	—	x	—	—“

6) Á eftir færslunni sem varðar „**Bio Latina Certificadora**“ komi eftirfarandi ný færsla:

„**Bolicert Ltd**“

1. Heimilisfang: Street Colon 756, floor 2, office 2A, Edif. Valdivia Casilla 13030, La Paz, Bolivia
2. Veffang: <http://www.bolicert.org>
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
BO-BIO-126	Bólívía	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2021.“

7) Í færslunni sem varðar „**CCPB Srl**“:

a) í 3. lið er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„AE-BIO-102	Sameinuðu arabísku furstadæmin	x	x	—	x	x	x
AF-BIO-102	Afganistan	x	—	—	x	—	—
AL-BIO-102	Albanía	x	x	—	x	x	x
AM-BIO-102	Armenía	x	—	—	x	—	—
AZ-BIO-102	Aserbaísjan	x	x	—	x	x	—
BY-BIO-102	Belarús (Hvíta-Rússland)	x	—	—	x	x	—
DZ-BIO-102	Alsír	x	x	—	x	x	x
ET-BIO-102	Eþíópía	x	—	—	x	—	—
GH-BIO-102	Gana	x	—	—	x	—	—
KG-BIO-102	Kirgistan	x	x	—	x	x	—
KZ-BIO-102	Kasakstan	x	—	—	x	x	—
MD-BIO-102	Moldóva	x	—	—	x	x	—
NG-BIO-102	Nígería	x	—	—	x	—	—
QA-BIO-102	Katar	x	x	—	x	—	—
RS-BIO-102	Serbía	x	—	—	x	x	—
RU-BIO-102	Rússland	x	—	—	x	x	—
SN-BIO-102	Senegal	x	—	—	x	—	—
TH-BIO-102	Taíland	x	—	—	x	x	—
TJ-BIO-102	Tadsíkistan	x	—	—	x	x	—
TM-BIO-102	Túrkmenistan	x	—	—	x	x	—

UA-BIO-102	Úkraína	x	x	—	x	x	—
UG-BIO-102	Úganda	x	—	—	—	—	—
UZ-BIO-102	Úsbekistan	x	—	—	x	—	—
ZA-BIO-102	Suður-Afríka	x	x	—	x	x	x ⁶⁶

b) Í línunni sem varðar Túnis bætist krossmerki við í dálki D.

c) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vörur sem falla undir III. viðauka.“

8) Færslunni sem varðar „**Control Union Certifications**“ er breytt sem hér segir:

a) í 3. lið er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„AU-BIO-149	Ástralía	—	x	x	x	x	—
BN-BIO-149	Brúnei	x	x	x	x	x	x
CK-BIO-149	Cooks-eyjar	x	x	x	x	x	x
GD-BIO-149	Grenada	x	x	x	x	x	x
GE-BIO-149	Georgía	x	x	x	x	x	x
GY-BIO-149	Gvæjana	x	x	x	x	x	x
JO-BIO-149	Jórdanía	x	x	x	x	x	x
KW-BIO-149	Kúveit	x	x	x	x	x	x
LB-BIO-149	Líbanon	x	x	x	x	x	x
NZ-BIO-149	Nýja-Sjáláand	—	—	x	—	x	—
PF-BIO-149	Franska Pólýnesía	x	x	x	x	x	x
PG-BIO-149	Papúa Nýja-Gínea	x	x	x	x	x	x
SC-BIO-149	Seychelles-eyjar	x	x	x	x	x	x
ST-BIO-149	Saó Tóme og Prinsípe	x	x	x	x	x	x
TJ-BIO-149	Tadsíkistan	x	x	x	x	x	x
TM-BIO-149	Túrkmenistan	x	x	x	x	x	x
TN-BIO-149	Túnis	—	x	—	—	—	—
TO-BIO-149	Tonga	—	x	—	—	—	—
TV-BIO-149	Túvalú	—	—	—	—	—	x
VE-BIO-149	Venesúela	x	x	x	x	x	x ⁶⁶

b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vörur sem falla undir III. viðauka.“

9) Í færslunni sem varðar „**Ecocert SA**“ er 3. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lína bætist við í röð eftir kenninúmeri:

„AR-BIO-154	Argentína	—	—	—	x	x	—“
-------------	-----------	---	---	---	---	---	----

b) Í línunum sem varða Georgíu og Mósambík bætist krossmerki við í dálki E.

c) Í línunum sem varða Japan, Kirgistan og Zimbabve bætist krossmerki við í dálki B.

d) Í línunum sem varða Paragvæ og Úrúgvæ bætist krossmerki við í dálki F.

10) Færslunni sem varðar „**Florida Certified Organic Growers and Consumers, Inc. (FOG), DBA as Quality Certification Services (QCS)**“ er breytt sem hér segir:

a) Í 3. lið er eftirfarandi línum bætt við í röð eftir kenninúmeri:

„BO-BIO-144	Bólvía	x	—	—	x	—	—
CL-BIO-144	Chile (Síle)	x	—	x	x	x	—
CO-BIO-144	Colombia	x	—	—	x	—	—
CR-BIO-144	Costa Rica	—	—	—	—	x	—
LA-BIO-144	Laos	x	—	—	x	—	—
US-BIO-144	Bandaríkin	—	—	x	x	—	—“

b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. Undantekningar: vörur í aðlögun, vín og vörur sem falla undir III. viðauka.“

11) Færslan sem varðar „**Egyptian Center of Organic Agriculture (ECO A)**“ falli brott.

12) Í stað línanna í 3. lið sem varða Argentínu og Costa Rica, í færslunni sem varðar „**IMOCert Latinoamérica Ltda.**“, komi eftirfarandi:

„AR-BIO-123	Argentína	—	—	—	x	—	—
CR-BIO-123	Costa Rica	—	x	—	x	—	—“

13) Færslan sem varðar „**IMOSwiss AG**“ falli brott.

14) Í stað 2. liðar í færslunni sem varðar „**Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH**“ komi eftirfarandi:

„2. Veffang: www.kiwabcs-oeko.com“

15) Í færslunni sem varðar „**Letis S.A.**“ í 3. lið bætast eftirfarandi línur við í röð eftir kenninúmeri:

„AF-BIO-135	Afganistan	x	—		x	—	—
ET-BIO-135	Eþíópía	x	—		x	—	—
IR-BIO-135	Íran	x	—		x	—	—
KZ-BIO-135	Kasakstan	x	—		x	—	—

MD-BIO-135	Moldóva	x	—		x	—	—
PK-BIO-135	Pakistan	x	—		x	—	—
RU-BIO-135	Rússland	x	—		x	—	—
TJ-BIO-135	Tadsíkistan	x	—		x	—	—
TR-BIO-135	Tyrkland	x	—		x	—	—
UA-BIO-135	Úkraína	x	—		x	—	—“

16) Færslunni sem varðar „**Organic agriculture certification Thailand**“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað heitisins komi eftirfarandi:

„**Organic Agriculture Certification Thailand (ACT)**“

b) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: 102 Moo 2, Soi Ngamwongwan 23, Ngamwongwan Road, Muang District, Nonthaburi 11000, Thailand“

17) Í færslunni sem varðar „**Organic Control System**“ í 3. lið bætist eftirfarandi lína við í röð eftir kenninúmeri:

„BA-BIO-162	Bosnía og Hersegóvína	x	—	—	x	—	—“
-------------	-----------------------	---	---	---	---	---	----

18) Færslunni sem varðar „**Organic Standard**“ er breytt sem hér segir:

a) Í línunum sem varða Kirgistan, Kasakstan, Moldóvu og Rússland í 3. lið bætist krossmerki við í dálki B.

b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. Undantekningar: vörur í aðlögun.“

19) Í færslunni sem varðar „**Organska Kontrola**“ í 3. lið bætist eftirfarandi lína við í röð eftir kenninúmeri:

„XK-BIO-101	Kósovó (*)	x	x	—	x	—	—
-------------	------------	---	---	---	---	---	---

(*) Þessi merking hefur ekki áhrif á afstöðu til stöðu Kósovó og er í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244/1999 og álit Alþjóðadómstólsins í Haag um sjálfstæðisfyrirlysingu Kósovó.“

20) Í færslunni sem varðar „**ORSER**“ í 3. lið bætast eftirfarandi línur við í röð eftir kenninúmeri:

„AZ-BIO-166	Aserbaísjan	x	—	—	x	—	—
BA-BIO-166	Bosnía og Hersegóvína	x	—	—	x	—	—
GE-BIO-166	Georgía	x	—	—	x	—	—
IR-BIO-166	Íran	x	—	—	x	—	—
KG-BIO-166	Kirgistan	x	—	—	x	—	—
KZ-BIO-166	Kasakstan	x	—	—	x	—	—
NP-BIO-166	Nepal	x	—	—	x	—	—“

21) Á eftir færslunni sem varðar „**Quality Partner**“ komi eftirfarandi ný færsla:

„„**Servicio de Certificación CAAE S.L.U.**“

1. Heimilisfang: Avenida Emilio Lemos, 2 mod. 603, 41020 Seville, Spain
2. Veffang: <http://www.caae.es>
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
BO-BIO-178	Bólvía	x	—	—	x	—	—
EC-BIO-178	Ekvador	x	—	—	x	—	—
MA-BIO-178	Marokkó	x	—	—	x	—	—
MX-BIO-178	Mexíkó	x	—	—	x	—	—
PE-BIO-178	Perú	x	—	—	x	—	—
TR-BIO-178	Tyrkland	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun.
 5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2021.“
- 22) Á eftir færslunni sem varðar „**Suolo e Salute srl**“ komi eftirfarandi ný færsla:

„„**Tse-Xin Organic Certification Corporation**“

1. Heimilisfang: 7F., No 75, Sec.4, Nanjing E. R., Songshan Dist., Taipei City 105, Taiwan (R.O.C.)
2. Veffang: <http://www.tw-toc.com/en>
3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
TW-BIO-174	Taívan	x	—	—	x	—	—

4. Undantekningar: vörur í aðlögun og vín.
5. Tímabil sem skráning gildir: til 30 júní 2021.“

III. VIÐAUKI

Í stað tilvísunar í „reit 24“ í athugasemdinni sem varðar reit 12 í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 komi tilvísun í „reit 21“.
